

hefur lögmætra hagsmuna að gæta, að í tilteknu tilviki hafi samningur, sem fellur undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. gr., engu að síður haft einhver þau áhrif sem samrýmast ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum og sér í lagi ef:

- a) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega möguleika þriðja aðila til að vinna að rannsóknum og þróun á viðkomandi sviði vegna takmarkaðra rannsóknarkosta sem eru fyrir hendi annars staðar;
- b) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega aðgang þriðja aðila að markaðinum fyrir samningsvörunar vegna þess hvernig dreifingu varanna er háttað í einstökum tilvikum;
- c) samningsaðilarnir hafa hvorki hagnýtt sér niðurstöður sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs né fært efnisleg rök fyrir því;
- d) samningsvörunar þurfa ekki í raun að keppa, á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, við vörur sem eru eins eða sem neytendur telja jafngildar að því er lýtur að eiginleikum, verði og áætlaðri notkun.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2000.

- e) samningurinn um rannsóknir og þróun myndi útrýma virkri samkeppni í rannsóknum og þróunarstarfi á tilteknum markaði.

8. gr.

#### Aðlögunartími

Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 30. júní 2002 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. desember 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 418/85.

9. gr.

#### Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Reglugerð þessi falli úr gildi 31. desember 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mario MONTI

*framkvæmdastjóri.*

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Siglufjörð.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 22. mars 2002 staðfest tillögur hættumatsnefndar Siglufjarðar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Siglufjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Þórður H. Ólafsson.*